

Reikningsskilaráð ríkisins

55. Fundur – 7. maí 2021 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Björn Þór Hermannsson, Ólafur Hjálmarsson og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 54. fundar samþykkt.

2. Ríkisreikningur 2020, staðan.

Farið yfir stöðuna og þær breytingar sem hafa verið frá síðasta fundi. Helstu atriði eru:

- Vinnan gengur vel og útlit er fyrir að ríkisreikningur verði gefinn út fyrir en síðustu ár.
- Langt er komið með að loka stofnunum og fjárlagaliðum.
- Þeir liðir sem á eftir að loka eru m.a., lífeyrisskuldbindingar, afskriftir skattkrafna og lífeyristryggingar.
- Verið að klára framsetningu hjá Ríkiseignum.
- Tafir hafa orðið á aðalfundum félaga í eigu ríkisins. Drög hafa verið send með fyrirvara um samþykkt.
- Form að ríkisreikningi liggur fyrir í vikunni og verður sent Ríkisendurskoðun til yfirferðar.

3. Frestun IPSAS staðla.

Farið var yfir erindi frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Fjársýslu ríkisins um ósk um að ráðið samþykki að fresta innleiðingu fimm IPSAS staðla.

Umræða var um tímafresti og að það þurfi að liggja betur fyrir áætlun um innleiðingu þeirra staðla sem óskað er eftir frestun um. Fjársýslan og fjármála- og efnahagsráðuneytið munu leggja fyrir ráðið á haustmánuðum nánari áætlun á innleiðingu.

Samþykkt samkvæmt meðfylgjandi bókun.

Bókun reikningsskilaráðs á 55. fundi – 7. maí 2021

Reikningsskilaráð tók fyrir sameiginlegt erindi fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Fjársýslu ríkisins sem lagt var fram á fundinum þar sem óskað er eftir að ráðið heimili frestun á innleiðingu 5 IPSAS-staðla við uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 2020. Er þar vísað til 52. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál þar sem kveðið er á um að reikningsskilaráð geti frestað tímabundið að taka upp hluta af stöðlunum, enda liggja til þess málefnalegar ástæður. Þeir staðlar sem hér um ræðir eru:

IPSAS 13 um leigusamninga

IPSAS 35 um samstæðureikningsskil

IPSAS 36 um fjárfestingar í hlutdeildarfélagum og sameiginlegum verkefnum (að hluta)

IPSAS 37 um samrekstur (joint arrangement)

IPSAS 38 um upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum rekstrareiningum

Með erindinu fylgdi minnisblað Fjársýslu ríkisins þar sem gerð er málefnaleg grein fyrir ástæðum erindisins.

Í ljósi upplýsinga og fram lagðra gagna hefur reikningsskilaráð ákveðið að heimila tímabundna frestun á innleiðingu framangreindra staðla við uppgjör ríkisreiknings árið 2020. Um leið leggur ráðið áherslu á að í skýringum við reikninginn verði gerð ítarleg grein fyrir þessum frestunum og áætluðum áhrifum þeirra. Jafnframt er óskað eftir að fyrir 1. nóvember nk. leggi ráðuneytið og Fjársýsla ríkisins fram tímasetta áætlun fyrir reikningsskilaráð um hvernig unnið verður að því að uppfylla kröfur umræddra staðla.

4. Breytt flokkun hageininga

Breytt flokkun snýr að því að ýmsar stofnanir, sem hingað til hafa verið flokkaðar utan A-hluta ríkissjóðs, hafa verið endurflokkaðar við framsetningu Hagstofu samkvæmt GFS og teljast nú innan A-hlutans. Stefnt er að því að ljúka samræmingu fjárlaga við framsetningu þjóðhagsreikninga á þessu ári. Reikningsskilaráð mun fylgjast náið með framvindu verkefnisins.

5. Önnur mál.

Rætt var um skýringar í ríkisreikningi mtt. til krafa IPSAS og einnig um samræmi ríkisreiknings og þjóðhagsreikninga Hagstofunnar.

Ekki annað rætt og fundi slitið 10:15.

Næsti fundur 16. júní kl. 09:00.